

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/261
Komudagur 19.11.2013

Garðabær, 18. nóvember 2013
2013110004/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.


Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.

Í framangreindu frumvarpi er lagt til annars vegar að stytta þann tíma sem endurskoða á matsskýrslu framkvæmdaraðila að hluta eða í heild, ef framkvæmdir eru ekki hafnar, úr tíu árum í sjö og hins vegar að gera frjálsum félagsamtökum kleift að fara fram á endurskoðun á matsskýrslu. Náttúrufræðistofnun tekur undir framangreint frumvarp. Stofnunin telur að 10 ár séu það langur tími að eðlilegt sé að stytta þennan tíma en margt getur breyst á tíu árum bæði hvað varðar yfirsýn, þekkingu og skilning á ákveðnum ferlum í náttúrunni og náttúruyfyrirbærum. Jafnframt verður að horfa til þess að aðrar framkvæmdir eða breyttar umhverfisaðstæður geta hafa orðið til þess að sammögnunaráhrif á ákveðna þætti í náttúrunni séu allt önnur heldur en þegar upprunaleg matsskýrsla var gerð. Náttúrufræðistofnun telur aðkomu frjálsra félagasamtaka vera í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

